

## **Aðfaranám í efnafræði - 0 ein.**

Undirbúningsnámskeið í almennri efnafræði verður haldið um miðjan ágúst 2012. Í námskeiðum í auðlindafræði, heilbrigðis- og kennaraskor (grunnskóla) er gert ráð fyrir að nemendur hafi þessa grunnþekkingu.

**Námslýsing:** Fjallað verður um grundvallaratriði í ólífrænni efnafræði. Byggingu atóma, lotukerfið, efnatengi, efnahvörf, magnútreikninga, sýrur og basa.

**Námsmat:** Þar sem hér er um undirbúningsáfanga að ræða sem ekki gefur námseiningar verður ekki um sérstakt námsmat að ræða. Það er hinsvegar mikilvægt fyrir nemendur með lítinn eða engan undirbúning í efnafræði að sækja þetta námskeið og nýta tímann vel.

**Kennari:** Sigurður Bjarklind aðjúntkt við heilbrigðisvísindasvið.

**Lesefni:** Fyrirlestra- og dæmahefti tekið saman af kennara.

**Tími:** Námskeiðið stendur í eina viku frá 13.-17. ágúst og verður kennt kl. 16:15-18:50 í Háskólanum á Akureyri á Sólborg í stofu M-201. Einnig verður námskeiðið fjarkennt til þeirra staða sem kennt verður á næsta vetur.

**Verð:** Námskeiðsgjald kr. 8.500 greiðist fyrir upphaf námskeiðs í heimabanka: 0162-26-30620 kt. 520687-1229. Ath. að setja aðfaranám í skýringu. Ef greitt er síðar hækkar gjaldið í kr. 9.500.

**Skráning:** Á netinu. Munið að tilgreina við skráningu hvar þið sækið námskeiðið. Ath. Vegna fjölföldunar á námsgögnum og til að koma þeim á kennslustaði utan Akureyrar fyrir upphaf námskeiðsins er nauðsynlegt að skrá þátttöku ekki síðar en 2. ágúst.